

öðrum embættismönnum frá reglum þessum, og sjá um, að farið sje eptir þeim.

1854.
14. júlí.

12. Leyfisbrjef fyrir Tal. P. Shaffner frá ríkinu Kentucky í Sambandsríkjunum í norðurhluta Vesturálfa til að leggja og nota rafsegulþráð frá norðurhluta Vesturálfa til Kaupmannahafnar.¹ 16. ágúst.

Vjer Friðrik hinn sjöundi, o. s. frv., gjörum kunnugt: að Vjer eptir ósk og beiðni til Vor, og ásigkomulagi því, er Oss hefur verið frá skýrt, höfum allramildilegast lofað og leyft, og lofum og leyfum með brjefi þessu Tal. P. Shaffner frá ríkinu Kentucky í Sambandsríkjunum í norðurhluta Vesturálfa að leggja og nota rafsegulþráð frá norðurhluta Vesturálfa til Kaupmannahafnar, með þeim kjörum og kostum, er hjer segir:

Með brjefi þessu leyfum Vjer

1. Tal. P. Shaffner frá ríkinu Kentucky í Sambandsríkjunum í norðurhluta Vesturálfa, að því leyti sem Danaveldi nær til, að leggja rafsegulþráð á eiginn kostnað, og með eigin ábyrgð, frá Norður-Ameríku eptir Grænlandi, Íslandi og Færeyjum, og þaðan til Noregs, og eptir Noregi og Svíaríki til Kaupmannahafnar, og skal þar vera eini endinn á þræði þessum. Rafsegulþráðinn skal leggja á land annaðhvort rjett hjá Kaupmannahöfn, eða á einhverjum öðrum stað á eyjunni Sjálandi, og skal festa hann við rafsegulþráð Danaríkis í Helsingjaeyri eða Kaupmannahöfn, eða á einhverjum öðrum stað, eins og danska stjórnin nákvæmar ákveður, og skal Tal. P. Shaffner hafa kostnað fyrir því öllu.

¹⁾ Tal. P. Shaffner er skrifari í rafsegulþráðafjelaginu í Bandaríkjunum, og ferðaðist hann til Danmerkur, Svíþjóðar og Rússlands, til að útsvega sjer leyfisbrjef til, að fjelag þetta mætti leggja rafsegulþráði frá Ameríku til Evrópu; og ætlar hann síðan að leggja hann austur Rússland og gegnum Asíu og yfir Beringssund til Ameríku að vestanverðu, það er að skilja kringum allan jarðarhnöttinn. Shaffner lætur í blöðum í Ameríku mikið af framgöngu sinni í þessu efni, og einkum getur hann þess, að Danakonungur hafi tekið sjer einkar vel.

1854.

16. ágúst. *Gud.* Danská stjórnin áskilur sjer að ákveða, með hvaða kostum nota megi rafsegulpráð þann, er ríkið á, og búíð er að leggja á Sjálandi, og að ákveða hvert einstakt atriði um það, hver stjórn og umsjón skuli vera á þræðinum frá því að hann er lagður á land á Sjálandi og þangað til að hann er festur við hinn danska rafsegulpráð ríkisins.

2. Land það, bæði af eignum konungs og einstakra jarðeigenda, er þarf til að leggja rafsegulpráðinn eptir, á Grænlandi, Íslandi og Færeyjum, má Tal. P. Shaffner eiga von á að fá, með þeim kostum, er seinna skulu til teknir.

3. Tal. P. Shaffner lofar að ljúka fyrirtæki þessu svo skjótt sem unnt er, og gefst honum til þess 10 ára frestur, frá því að leyfisbrjef þetta er dagsett. Sje ekki búíð að leggja práðinn og hann kominn í gagn innan þess tíma, þá skal hinmi dönsku stjórn heimilt að taka aptur leyfisbrjef þetta, og skal stjórnin ekki á neinn hátt vera skyld að bæta Tal. P. Shaffner skaða sinn.

4. Þegar práðurinn er búinn, eða nokkuð af honum, skal Tal. P. Shaffner heimilt að láta hann flytja fregnir frá öllum þjóðum og til allra þjóða, sjeu frjettirnar ekki þess efnis, að þær sjeu hættulegar fyrir Danaríki eða almennings heill, og mun danska stjórnin á alla hund, er hún getur, stuðla að því, að práður þessi verði notaður án allrar tálmunar.

5. Það er auðvitað, að eigandi eða eigendur rafsegulpráðs þessa, fulltrúar þeirra og undirmenn, skulu hlýða lögum ríkisins, að því leyti sem práðurinn nær um lönd og höf í Danaveldi; og skulu þeir í hvívetna hlýða dómum og ákvörðunum yfirvalda, sem gjört er eptir þeim lögum, eins og þeir væru þegnar Danakonungs, án þess neitt sje undan skilið, hvorki neinn sjerstakur rjettur til lands eða annað.

6. Þegar búíð er að leggja práðinn til Kaupmannahafnar, mun danska stjórnin sjá svo um, að fregnir til og frá norðurhluta Vesturálfu berist fljótt og skilvíslega eptir rafsegulpráðum Danaveldis.

7. Ef að stjórnendur í öllum löndum þeim, sem frjettir eru sendar eptir með þræði þessum milli Norðurálfu og norður-

hluta Vesturálfu, lækka verð fyrir frjettaburð þenna, mun danska stjórnin hliðra jafmikið til að sínum hlut.

1854.
16. ágúst.

8. Danska stjórnin áskilur sjer rjett til þess, að senda ríkis-skilaboð ókeypis eptir öllum þræði þessum, eða nokkrum hluta hans, allt að 300 orða á mánuði, og skulu slík skilaboð vera í fyrirrúmi fyrir frjettum frá einstökum mönnum.

9. Til að bæta Tal. P. Shaffner kostnað þann, er þarf til að leggja rafsegulþráð þenna, skal honum veitt það leyfi, sem getið er um í 4. gr., að nota rafsegulþráð frá norðurhluta Vesturálfu til Kaupmannahafnar, í 100 ár frá því að leyfisbrjef þetta er dagsett, og skal engum öðrum kostur á, að hafa þess konar fyrirtæki fyrir stafni í löndum Danakonungs, hvort sem væri með höndum haft að leggja þráðinn í sömu stefnu, og ákveðin er í þessu leyfisbrjefi, ellegar að leggja þráð, sem kæmi saman við aðra rafsegulþræði milli Norðurálfu og norðurhluta Vesturálfu. Þegar þessi tími er liðinn áskilur danska stjórnin sjer rjett til að veita nýtt leyfisbrjef hverjum sem hún vill, og með þeim kostum, sem hún þá ákveður, þó skal sá eða þeir, sem þá eru eigendur þessa leyfisbrjefs, ganga fyrir, ef þeir vilja ganga að kostum þeim, er danska stjórnin setur.

10. Til ábyrgðar fyrir því, að fyrirtæki þetta gangi skjótt, skuldbindur Tal. P. Shaffner sig til að sýna og sanna hinni dönsku stjórn, eptir að 3 ár eru liðin frá því að leyfisbrjef þetta er dagsett, að hann hafi varið til þess að minnsta kosti 100,000 ríkisdöllum dönskum. Hafi hann þá ekki varið svo miklu fje til þessa fyrirtækis, lofar hann að fá dönsku stjórninni það sem á vantar í peningum til varðveislu, og skal gjalda honum það fje aptur, ef að þráðurinn er búinn og kominn í gagn á þeim 10 ára fresti, sem til er tekinn í 3. gr., en verði það ekki, skal danska stjórnin eiga fje þetta. Skorist hann undan, ef svo fer sem nú var sagt, að greiða það sem á vantar, er að álíta sem leyfi þetta sje samstundis aptur tekið, og skal Tal. P. Shaffner ekki eiga neina heimting á skaðabótum frá hinni dönsku stjórn fyrir það.

11. Ef að þráðurinn slitnar, þegar búið er að leggja hann, skal Tal. P. Shaffner skyldur að koma honum sem fyrst aptur

1854. í gott lag; og ef að lengri tími gengur til þess, en 10 ár, getur
16. ágúst. danska stjórnin tekið til þess rjettar er hún hefur áskilið sjer í
3. gr., að taka leyfið aptur án nokkurs endurgjalds.

12. Ef að nauðsyn þykir eða hallkvæmara að láta rafsegulþráð þenna liggja í aðra stefnu en til er greint í 1. gr., eður að láta hann greinast þannig, að hann endi á fleiri stöðum en í Kaupmannahöfn, má Tal. P. Shaffner eiga von á að fá leyfi til þess, þegar hann beiðist þess, og hefur áður orðið ásáttur við hina dönsku stjórn um það, með hverjum kostum þessa breytingu megi gjöra, og hvernig og hvenær hún skuli komast á.

13. Tal. P. Shaffner skal heimilt að láta af höndum leyfi þetta til hvers sem vera skal, hvort það er fjelag eða einstakur maður, með sömu rjettindum og sömu skyldum, sem hann hefur sjálfur. Þó skal það undireins kunngjört hinni dönsku stjórn, ef það er látið af hendi, og skal sá eða þeir, sem standa fyrir fyrirtæki þessu, bæði á meðan verið er að starfa að því, og eptir að því er lokið, vera þess skyldir, eptir hæfilegan tíma til undirbúnings, að skýra hinni dönsku stjórn frá hverju því, er hana varðar.

Í hvert skipti, er þurfa þykir að skýra orð og efni leyfisbrjefs þessa, skal Tal. P. Shaffner hlíta úrskurði innanríkisstjórnar Vorrar.

Bönnum Vjer öllum og sjerhverjum að standa móti því, sem hjer er fyrir skipað.

28. ágúst. **13. Brjef kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamt-
mannsins og biskupsins á Íslandi um uppástungur
skólameistarans í Reykjavík.**

Í fyrr asumar, 19. ágúst 1854, bað stjórnin yfirstjórn skólans (*Ephorat*) um álit hennar um nokkrar uppástungur skólameistarans, einkum þær er lutu að því:

1. að skylda ætti skólasveina, alla nema þá í neðsta bekk, til að nota kennsluna í frakknesku og ensku, og verja til þess